

Tillaga um úttekt og rekjanleikagreiningu á rusli frá rekstri Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma úttekt og rekjanleikagreiningu á úrgangsstraumum frá starfsstöðum Reykjavíkurborgar með það fyrir sjónum að draga úr úrgangi, auka endurvinnslu, lækka kostnað og ekki síst bæta yfirlit yfir úrgangsmálin hjá starfsstöðum borgarinnar.


Greinargerð

Rusl er fjórða stærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda í Evrópu en þar af er urðun langmesti skaðvaldurinn. Urðun er varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð. Eitt helsta umhverfisvandamálið í tengslum við urðun úrgangs er hauggasmyndun. Hauggas, sem samanstendur að stærstum hluta af gróðurhúsalofttegundunum koltvísýringi og metani, myndast þegar örverur brjóta niður lífrænan úrgang við loftfirrtar aðstæður en þar af er metan með 21 sinnum meiri hlýnunarstuðul (GWP) í andrúmslofti en koltvísýringur miðað við þunga mælt yfir 100 ára tímabil. Allt eftir gerð urðunarstaða kunna þeir einnig að menga jarðveg og vatn en urðun er því sísti kosturinn í stigskipun úrgangsméðhöndlunar.

Samkvæmt Umhverfisstofnun hentu Reykvíkingar tæplega 103 þúsund tonnum af heimilissorpi samkvæmt nýjustu tölum frá árinu 2021, sem eru um 758 kg af heimilissorpi á hvern íbúa í Reykjavík. Reykvíkingar eru næstmestu ruslarnir af nágrannasveitafélögunum en ekki mestu urðararnir, þó fóru 46.500 tonn eða 47% af öllu sorpi í Reykjavík í urðun það árið. Í græna bókhaldi Reykjavíkurborgar má sjá að í rekstri sínum henti borgin rétt tæplega 2,8 þúsund tonnum af rusli árið 2021 en þar af fór 67% í urðun eða 1,9 þúsund tonn. Heilt yfir hefur úrgangslosun frá rekstri Reykjavíkurborgar aukist mikið undanfarin ár og ætti með þessu áframhaldi að rjúfa 3 þúsund tona múrinn við lok þessa kjörtímabils (sjá mynd 1).

Mynd 1.

Heildarúrgangsslosun frá rekstri Reykjavíkurborgar í kílóum á árunum 2015-2021 ásamt spá til ársins 2026 út frá fyrirbyggjandi gögnum.




Árið 2021 lögfesti ríkisstjórnin markmið um að Ísland nái kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040 á Alþingi. Sama ár samþykkti borgarstjórn sama markmið fyrir Reykjavík með græna planinu ásamt því að gera loftslagsáætlun fyrir rekstur borgarinnar með sama höfuðmarkmið. Losun frá rekstri borgarinnar snýr t.d. að rekstri bílaflota, rafmagnsnotkun húsnæðis á vegum borgarinnar og úrgangi frá starfseminni. Í loftslagsáætluninni var gert ráð fyrir að magn úrgangsslosunar og rafmagnsnotkun yrði óbreytt en að árið 2025 yrði engin losun gróðurhúsalofttegunda vegna urðunar úrgangs frá rekstri borgarinnar né vegna bruna jarðefnaeldsneyta í bílaflotanum. Það var forsenda þess fyrrnefnda að gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (GAJA) væri komin í fulla notkun og þar með yrði urðun lífræns og brennanlegs úrgangs hætt, en frá opnun hefur GAJA reynst lítt starfhæf vegna ýmissa vandkvæða. Því er alls óvíst hvort einhverjar forsendur séu fyrir því að losun gróðurhúsalofttegunda vegna urðunar úrgangs frá rekstri borgarinnar muni minnka.

Mynd 2 sýnir losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs frá rekstri borgarinnar ásamt spá fyrir næstu ár. Á árunum 2015-2021 hefur losunin aukist um 92% og vænta má að að hún verði orðin þreföld á við það sem var árið 2015 að öllu óbreyttu.

Mynd 2.


Þróun í losun koltvísýringsígilda vegna úrgangslosunar í rekstri borgarinnar á árunum 2015-2021 og spá um framtíðarlosun út frá fyrirbyggjandi gögnum ásamt lág- og háspá losunar koltvísýringsígilda.



Þegar litið er til annarra losunarþátta í rekstri borgarinnar má sjá að hlutur úrgangsins fer sífellt stækkandi. Mynd 3 sýnir þróunina í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri borgarinnar vegna úrgangslosunar, rafmagns- og eldsneytisnotkunar.

Mynd 3.


Losun koltvísýringsígilda frá losunarbáttunum þremur í rekstri Reykjavíkurborgar á árunum 2015-2021.



Eins og mynd 3 sýnir grefur úrgangslösunin undan því sem hefur verið áorkað með aukinni rafvæðingu bílaflotans og fyrir vikið hefur heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum staðið í stað þrátt fyrir slíkar aðgerðir. Mynd 4 gerir þessu nánari skil.

Mynd 4.

Losun koltvísýringsígilda frá losunarpáttunum þremur í rekstri Reykjavíkurborgar á árunum 2015-2021 ásamt spá til ársins 2026 út frá fyrirliggjandi gögnum.



Á mynd 4 sést að ef borgin heldur orkuskiptunum áfram verður losun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna jarðefnaeldsneyta nánast engin eftir nokkur ár. Hins vegar mun sá árangur að engu verða í heildarlosun frá rekstri borgarinnar ef þessi þróun í úrgangsmálunum fær að halda áfram. Því hlýtur að þurfa að grípa inn í til að snúa þessari þróun við.

Nánar um úttekt á úrgangsstraumum og rekjanleikagreiningu

Úttekt á úrgangsstraumum felur í sér alhliða kostnaðargreiningu á úrgangslosun frá rekstri borgarinnar. Þá er skoðað hvernig nýtingu ílátum og skiptingu kostnaðar milli þjónustupáttar er háttáð. Þá er til dæmis átt við leigu eða kaupum á ílátum, tæmingu eða losun á ílátum, móttökugjöld vegna úrgangs eða efna, sem og aðrir kostnaðarliðir. Ásamt því að skoða hvernig þessi úrgangsmál hafa þróast yfir ákveðið tímabil, til dæmis 1-2 ár. Að því loknu er farið í gegnum allar magntölur og flokkunarhlutfall og heildarkostnaður hvers úrgangsflokks fundinn út með tilliti til allra kostnaðarpáttar.

Með rekjanleikagreiningu er hver og einn úrgangsstraumur rakinn og fundið út hvaða aðilar eru í virðiskeðjunni sem flytja, meðhöndla, endurvinna eða farga viðkomandi efnum. Þá er leitað staðfestingar á öllum nauðsynlegum starfsleyfum og vottorðum um umhverfisstjórnunar- og gæðakerfi og þá hvaða lokafarveg hver og einn flokkur endar í. Þannig er hægt að eyða allri óvissu og safna gæðaríkari upplýsingum en áður. Þar með er hægt að koma með skilvirkari tillögur að umbótum en áður.